


STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

2009



EFNISYFIRLIT



Opnur úr Snorra Eddu (AM 738 4to)

bls.

FYLGT ÚR HLÆÐI

3

SKIPULAG OG SKIPURIT

4

FJÓRIR VEGVÍSAR

5

MIKILVÆGIR ÁFANGAR 2009

7

LIFANDI GAGNASÖFN

8

RANNSÓKNIR

10

SAMSTARF INNANLANDS

14

MÍÐLUN OG KENNSLA

16

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

18

VIÐBURÐIR 2009

20

ÁRSREIKNINGAR 2009

22



FYLGJT ÚR HLAÐI

Starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum var blómleg á árinu 2009. Innan stofnunarinnar er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem hverfast um að varðveita, efla og rannsaka margvísleg gögn stofnunarinnar og miðla þeim til almennings og fræðimanna á Íslandi og um allan heim. Stofnunin er háskólastofnun í góðu samstarfi við íslenska háskóla, ekki síst Háskóla Íslands. En hún er ekki síður alþjóðleg stofnun í nánnum tengslum við vísindamenn og systurstofnanir á sínu fræðasviði.

Á síðustu misserum höfum við verið minnt á mikilvægi þess að hlúa að grunnstoðum íslensks samfélags og menningar. Starfsemi stofnunarinnar sprettur af ræktarsemi við tungu og menningu Íslendinga. En það starf snýst ekki um að reisa varðveislumúra heldur er brýnt að opna sem flestum aðgang að verðmætum íslenskrar menningar og varpa ljósi á erindi hennar við samtímann. Starfsmenn vinna að sjálfstæðri þekkingarsköpun á grunni merkra heimilda og setja sígildar minningar og lífandi tungu í samhengi við nýja tíma.

Mikilvægir áfangar náðust á árinu. Þar ber hæst viðurkenningu UNESCO á Handritasafni Árna Magnússonar sem er varðveitt í tvennu lagi, hér heima og í Danmörku. Tilnefning safnsins á sérstaka varðveisluskrá, Minni heimsins (*Memory of the World*), staðfesti mikilvægi þess á alþjóðlega vísu. Sú viðurkenning leggur þær skyldur á herðar Íslendingum og Dönnum að miðla handritunum sem best.


Samþykkt Alþingis á þingsályktunartillögu menntamálaráðherra á vormánuðum 2009 um íslenska málstefnu var lokahnykkur á öfluglu funda- og umræðuferli Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu, en stofnunin er skrifstofa nefndarinnar. Íslensk tunga er ekki sett á stall í tillögum málnefndar, heldur er bent á færar leiðir til að tryggja frjóa notkun tungunnar á öllum sviðum samfélagsins.

Fyrsta mars 2009 lét dr. Vésteinn Ólason prófessor af störfum sem forstöðumaður stofnunarinnar. Hann var fyrsti forstöðumaður nýrrar Árnastofnunar sem varð til við sameiningu fimm stofnana á sviði íslenskra fræða haustið 2006. Vésteinn gegndi lykilhlutverki í að leiða starfsmenn stofnanna saman. Eru honum þökkud ósérhlífín og metnaðarfull störf í þágu stofnunarinnar og íslenskra fræða. Á síðasta ári lét Svavar Sigmundsson einnig af störfum. Hann var áður forstöðumaður Örnefnastofnunar Íslands. Honum eru þökkud farsæl störf fyrir stofnunina og við eflingu nafnfræða.

Næstu ár verða í senn krefjandi og áhugaverð. Á niðurskurðartímum er ljóst að skerpa verður áherslur í starfi stofnunarinnar og draga athygli að þeim fjársjóði sem býr í íslenskum fræðum og tungu fyrir menningu samtímans og uppbyggingu framtíðarinnar. Starfsfólk stofnunarinnar er vel í stakk búið til að takast á við þær áskoranir.

Guðrún Nordal forstöðumaður

SKIPURIT STOFNUNAR ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



SKIPULAG OG SKIPURIT

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Skipulag stofnunarinnar markast af forsögu hennar í fimm stofnunum og því að hún hefur enn þrjár starfsstöðvar, í Árnagarði, á Neshaga 16 og í Þingholtsstræti 29, en auk þess er handritasýning í Þjóðmenningarhúsi. Í upphafi ársins hófst hönnun byggingar fyrir stofnunina en úrslit samkeppni um nýja byggingu voru kynnt í ágúst 2008. Nýtt hús mun hýsa alla starfsemi stofnunarinnar, auk kennara og nemenda í íslensku við Háskóla Íslands, og verður þá hægt að einfalda skipurit hennar.

Stjórn stofnunarinnar er forstöðumanni til ráðgjafar. Ragnhildur Helgadóttir, fyrrverandi ráðherra, varð stjórnarformaður þegar ný lög um stofnunina tóku gildi árið 2006 en baðst lausnar haustið 2009, en þá tók dr. Lára Magnúsdóttir við sem stjórnarformaður. Aðrir stjórnarmenn eru Sigríður Snævarr (varaformaður), Höskuldur Þráinsson, Torfi Tulinius og Þorsteinn Vilhjálmsson. Þeir þrír síðastnefndu eru tilnefndir af Háskóla Íslands. Starfsmenn voru 41 í lok árs 2009, en stöðugildum fækkaði um fjögur á árinu. Sökum niðurskurðar var ekki unnt að ráða í þau störf sem losnuðu.



Möðruvallabók

FJÓRIR VEGVÍSAM

Opinn aðgangur

Stofnunin vinnur markvisst að því að opna aðgang að gögnum sínum. Hluti af frumgögnum stofnunarinnar er nú þegar skráður í rafrænni mynd en stefnt er að því að rafræn skráning verði stóraukin á komandi árum og takmarkið er opinn aðgangur að öllum frumgögnum. Með hinni nýju tækni verða sjálfar frumheimildirnar, ljósmyndir af handritum, hljóðskrár, orða- og örnefnaskrár, gerðar aðgengilegar á Netinu.

Samstarf

Samstarf er grunnhugtak í starfi stofnunarinnar. Stofnunin er í öflugum samstarfi við Háskóla Íslands og aðrar háskólastofnanir; við rannsóknar- og menningarstofnanir, fræðasetur og söfn um allt land; fyrirtæki á sviði útgáfu, upplýsingatækni, afþreyingar, ferðaþjónustu og menningarmiðlunar; við alþjóðlegar systurstofnanir og háskóla þar sem íslensk fræði eru kennd. En síðast en ekki síst er hún í öflugum samstarfi við almenning í landinu.

Rannsóknir og nýsköpun

Stofnunin hefur það markmið að vera leiðandi í rannsóknum á sínu sviði í heiminum. Hún hefur einnig það markmið að gögn stofnunarinnar geti orðið aflvaki í nýsköpun á sviði menningarmiðlunar, lista, menningartengdrar ferðaþjónustu og upplýsingatækni, svo fátt eitt sé talið.

Samhent átak

Sameiningu fimm stofnana á sviði íslenskra fræða í eina árið 2006 lýkur þegar stofnunin sameinast undir einu þaki, ásamt kennurum og nemendum í íslensku við Háskóla Íslands. Fyrirhugað Hús íslenskra fræða prýðir forsiðu ársskýrslunnar. Í nýju húsi stofnunarinnar og Háskóla Íslands munu skapast einstök tækifæri til að samtvinnna miðlun hinna verðmætu gagna og kennslu, og tengja almenningfræðslu enn betur við öflugt rannsóknarstarf.



Árni Magnússon (1663-1730)

MIKILVÆGIR ÁFANGAR 2009

Handritasafn Árna Magnússonar á varðveislulista UNESCO

Memory of the World Register

Þann 31. júlí 2009 setti Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, Handritasafn Árna Magnússonar á sérstaka varðveisluskrá sína, Minni heimsins (*Memory of the World Register*). Tilgangur skrárinnar er að vekja athygli á mikilvægi þess að varðveita andlegan menningararf veraldar með því að útnefna einstök söfn eða merk heimildagögn sem hafa sérstakt gildi fyrir varðveislu hans. Tilnefningin var árangur umsóknar sem stofnanirnar tvær, sem varðveita Handritasafn Árna Magnússonar, Den Arnamagnæanske Samling í Kaupmannahöfn og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, stóðu sameiginlega að fyrir hönd stjórnvalda í báðum löndum á árinu 2008 og send var inn til UNESCO í lok marsmánaðar það ár.

Ákvörðun UNESCO er grundvölluð á vönduðu mati og felur í sér mikla viðurkenningu á íslenskum handritaafri. Í rökstuðningi segir að Handritasafn Árna Magnússonar geymi ómetanleg handrit um sögu og menningu Norðurlanda, og raunar stórs hluta Evrópu, allt frá miðöldum til nýaldar, og eru Íslendingasögurnar nefndar sem sérstakt dæmi um þau verk á heimsvísu sem handritin geyma. Handritasafnið geymir um 3.000 handrit frá miðöldum og síðari öldum auk þúsunda skjalagagna sem snerta sögu Íslands með einum eða öðrum hætti. Ákvörðun UNESCO má nýta til að vekja athygli á mikilvægi handritanna í alþjóðlegu samhengi og sýnir að þau eiga erindi við heiminn allan.

Íslenska til alls

Alþingi samþykkti eftirfarandi þingsályktun um nýja málstefnu þann 12. mars 2009:

Alþingi ályktar að samþykkja tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu. Alþingi lýsir yfir stuðningi við það meginmarkmið tillagna Íslenskrar málnefndar að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. (Pskj. 699 á 136. löggjafarþingi 2008–2009)

Tillögum þeim sem birtar voru í skýrslunni Íslenska til alls var vísað til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í ráðuneytinu var fljótlega settur á laggirnar fimm manna vinnuhópur um málstefnuna sem síðan hefur hist reglulega. Í honum eiga sæti Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir og Guðni Ólgeirsson frá ráðuneytinu og Guðrún Kvaran, Haraldur Bernharðsson og Þórarinn Eldjárn frá Íslenskri málnefnd. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er skrifstofa Íslenskrar málnefndar, og því mun eftirfylgni nýrrar málstefnu koma til kasta hennar, auk þess sem hlutverk stofnunarinnar á sviði málræktar snertir mjög stefnuna.

Tímamótaútgáfa

- Ættartölusafnrit Þórðar Jónssonar í Hítardal

Guðrún Ása Grímsdóttir, rannsóknarprófessor á stofnuninni, lauk merkri útgáfu sinni á ættartölurítum Þórðar Jónssonar í Hítardal í lok ársins 2008 og fór verkið í almenna dreifingu árið 2009. Um er að ræða stórmerka frumheimild fyrir íslenskar ættfræðirannsóknir. Ættartölusafnritið er samtíðarheimild um ættir, afkomendur og búsetu fjölda Íslendinga á fyrri hluta 17. aldar. Af því spruttu yngri gerðir auknar efni um nýjar kynslóðir og frá þessum ritum er runnin ómæld þekking í prentuð ættfræðirit í nútímanum. Útgáfa Guðrúnar Ásu er sannkallað stórvirki og var hún tilnefnd til menningarverðlauna DV og viðurkenningar Hagþenkis fyrir framúrskarandi fræðirit árið 2009.

LIFANDI GAGNASÖFN

Gagnasöfn stofnunarinnar eflast á hverju ári.

Stofnuninni eru færð handrit að gjöf, örnefnaskrár verða sífellt fyllri og nákvæmari, orðasöfn stækka, iðorðasöfn eflast og þjóðfræðaeefni er safnað af starfsmönnum stofnunarinnar og fleirum. Hlúð er að gögnunum og unnið að því að miðla þeim til almennings.

Handrit

Stofnuninni bærust óvenjumörg handrit að gjöf á árinu. Stærsta gjöfin barst frá Kvæðamannafélaginu lönni í tilefni af 80 ára afmæli félagsins þann 15. september. Félagið færði handrit sín til eignar og varðveislu við stutta athöfn á afmælisdaginn í húsakynnum stofnunarinnar í Árnagarði. Handritasafn lönnar samanstendur af 28 handritum sem félagið hefur fengið að gjöf frá ýmsum félagsmönnum.

Aðrar merkilegar gjafir bærust stofnuninni. Þann 17. apríl færðu þau Ragnar Danielsen og Sigríður Stefánsdóttir fyrir hönd erfingja stofnuninni rímnahandrit með sex rímnaflokkum. Það er skrifað að Skinnastöðum í Öxarfirði 1792–1793. Í júlímánuði færði Ingibjörg G. Haraldsdóttir stofnuninni nokkrar bækur og smárit úr eigu föður síns, Haralds Levis Bjarnarsonar, fornbóksala í Reykjavík. Á meðal bókana voru þrjú handrit frá seinni öldum. Þann 16. september færði Alexander Ingimarsson stofnuninni til eignar eiginhandarrit Guðjóns Ólafssonar, bókhaldara og sparisjóðsstjóra sem bjó í Hólmsbæ á Eyrbakka, að ýmsum endurminningar- og söguþáttum auk fleira efnis sem hann nefndi Vökulok I–II. Þann 14. október afhenti Þórður Tómasson, safnstjóri Byggðasafnsins í Skógum, stofnuninni til eignar og framtíðarvarðveislu tvö samhangandi blöð úr pappírshandriti í litlu broti.

Orðaforði

Eldri söfn Orðabókar Háskólans, sem í mörgum tilvikum eru undirstöðuheimildir, hafa að miklu leyti verið færð í rafrænan búning. Á síðari árum hafa bæst við ný rafræn söfn með nýju efni eða söfn sem unnin eru upp úr grunnsöfnunum. Flest þessara rafrænu safna eru aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar til leitar og skoðunar. Á árinu 2009 var unnið að því að tölvuskra notkunardæmi úr kveðskap í Ritmálsskránni, u.þ.b. 30 þúsund dæmi. Orðasöfnun úr mæltu máli var gildur þáttur í starfi Orðabókar Háskólans og afrakstur hennar er varðveittur í sérstöku talmálssafni. Enn er unnið að því að auka við efnið, m.a. í samstarfi við Ríkisútvarpið. Efniviðurinn er að langmestu leyti varðveittur í seðlasafni stofnunarinnar (u.þ.b. 250 þúsund seðlar). Hluti þess efnis hefur verið tölvuskraður en það efni er enn ekki aðgengilegt almenningi.

Stofnunin geymir rafræna texta sem nota má til orða-leitar og dæmasöfnunar. Það safn hefur vaxið jafnt og þétt á undanförunum árum og um áramótin 2009–2010 var það rétt tæplega 66 milljónir lesmálsorða. Í safninu eru um 1.500 textar sem skipt er í allmarga efnisflokkar (Skáldrit, Blöð, Raungreinar, Fornrit o.s.frv.). Undanfarið hefur verið samstarf við verkefnið Mörkuð íslensk málheild um öflun texta og leyfis frá rétthöfum til þess að hafa þá aðgengilega til leitar. Þannig bættist talsvert af nýlegu efni í safnið á árinu 2009.

Nýsmíði orða

Orðabankinn er á vef stofnunarinnar og hefur einkum að geyma 50 iðorðasöfn, en tíu söfn til viðbótar eru í vinnslu. Á árinu voru helstu viðbætur gerðar við orðasöfnin Orðasafn í upplýsingafræði, Íslensk plöntuheiði, Bílorðasafn og orðasafn í myndlist. Heimsóknir í birtingarhluta orðabankans voru að meðaltali 1.098 á dag (voru 960 á dag árið 2008 en árið 2007 voru þær 817 á dag að meðaltali allt árið). Uppflettingar í orðabankanum voru að sjálfsögðu fleiri því að notendur fletta oft mörgum atriðum upp í hverri lotu. Uppflettingar í birtingarhlutanum í desember voru að jafnaði 2.141 á dag.



Unnið að skráningu þjóðfræðisafnsins

Þjóðfræði

Vinnu við gagnagrunninn Munnleg geymd, sem veitir aðgang að þjóðfræðiefni Árnastofnunar á Netinu, var haldið áfram á árinu. Unnið var við að samræma og leiðrétta upplýsingar og gögn eftir flutning yfir í nýjan, endurhannaðan grunn. Hægt er að leita eftir heimildarmönnum, landshlutum og efni. Viðeigandi upptaka er síðan tengd við hverja færslu. Þessi vinna leggur grunninn að stafrænu hljóðritasafni þjóðfræðisviðs og er nú ekki lengur afritað yfir á segulbönd nema í undan-tekningartilvikum.

Auk viðtala, sem Kári Schram kvikmyndaði á árinu, hljóðritaði Rósa Þorsteinsdóttir ýmislegt efni í Reykjavík, Kópavogi og Laugalandi í Skjaldfannardal. Þá bárust safninu hljóðrit frá Þórdísi Bachmann, Gunnari Guttormssyni, Atla Bachmann, Sif Jóhannesdóttur, Þórunni Kjartansdóttur og Snorra Grímssyni, auk viðtala 35 nemenda ásamt rækilegum uppskriftum og greinargerðum frá námskeiði um söfnun þjóðfræða sem sérfræðingar þjóðfræðisviðs hafa kennt innan þjóðfræðinnar við HÍ undanfarin ár. Kristín Einarsdóttir afhenti stofnuninni einnig upptökur sem nemendur í þjóðfræðinámskeiðinu Hátíðir, leikir og skemmtanir gerðu haustið 2008.

Örnefni

Í örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum bætast sífellt endurskoðaðar örnefnaskrár og kort, upprættir eða loftmyndir með örnefnum sem einstaklingar hafa gert á stafrænu formi eða á pappír. Guðrún Kvaran afhenti nafnfræðisviði ljósrit af seðlasafni Gísla Jónssonar menntaskólakennara um mannanöfn til varðveislu og afnota. Óskar Leifur Arnarsson skráði örnefni í Austur-Barðastrandarsýslu og Dalasýslu á loftmyndir fyrir Breiðafjarðarnefnd í samstarfi við nafnfræðisvið sem lét í té örnefnaskrár stofnunarinnar.

RANNSÓKNIR

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun þar sem unnið er að rannsóknum á sviði íslenskra fræða. Starfsmenn vinna við rannsóknir á frumgögnum stofnunarinnar, en akademískir starfsmenn stunda einnig sjálfstæðar rannsóknir á fræðasviðum sínum.

Einstök rannsóknaraðstaða

Stofnunin geymir verðmæt grunngögn og frumheimildir. Auk þess er þar öflugt rannsóknarbókasafn á sviði íslenskra fræða. Á stofnuninni er því einstaklega góð aðstaða til rannsókna í íslenskum fræðum enda er hún vinsæl af stúdentum og háskólakennurum. Ætíð er mikil eftirspurn eftir vinnuáðstöðu, jafnt frá innlendum sem erlendum fræðimönnum, en þeir voru meira en sjötíu á síðasta ári.

Rannsóknarbókasafnið nýtur tveggja bókasjóða, sjóða Þorsteins M. Jónssonar og Birgít Baldwin, sem standa að langmestu leyti að baki bókakaupum stofnunarinnar. Öll rit eru skráð í Gegni um leið og þau berast. Skráður eintakafjöldi í bókasafni stofnunarinnar er nú 34.984 eintök bóka, korta og tónlistarefnis. Skrá yfir ný aðföng birtist á vefsíðu safnsins. Tímaritsgreinar um íslenskt efni eru lyklaðar úr um 10 tímaritum á efnissviði stofnunarinnar.

Útgáfur á árinu

Norræn nöfn – Nöfn á Norðurlöndum. Hefðir og endurnýjun. Ráðstefnurit með 44 greinum sem byggjast á fyrirlestrum sem haldnir voru á 14. norrænu nafnaráðstefnunni sem haldin var í Borgarnesi í ágúst 2007. Í ritstjórn sátu: Guðrún Kvaran, Hallgrímur J. Ámundason, Jónína Hafsteinsdóttir og Svavar Sigmundsson.

Ráðstefnurit um orðabækur og orðabókafræði. Vorið 2007 var haldin á Akureyri norræn ráðstefna um orðabókafræði – 9. Konference om leksikografi i Norden – á vegum norræna orðabókafræðifélagsins, NFL, og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í ritstjórn sátu: Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson og Jón Hilmar Jónsson.

Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit. 2. pr. 2009. Höfundur Kjartan Ottosson. 168 bls. Um er að ræða óbreytta gerð ritsins frá frumútgáfu sem Íslensk málnefnd gaf út 1990.

Tiodielis saga er ævintýri sem sver sig í ætt við riddarasögur og segir frá riddara sem hverfur úr konungshrið á skóga, fer úr klæðum sínum, tekur á sig dýrsham og etur skógardýr og hefur eftir þeirra náttúru. Tove Hovn Ohlsson mag. art. annaðist þessa frumútgáfu sögunnar.

Endurskoðuð útgáfa á *Einu sinni átti ég gott*, vísnaðbók og tveir geisladiskar með efni sem farið er með fyrir börn, kom út á árinu. Efnið er það sama og í fyrri útgáfu en upplýsingum um höfunda hefur verið bætt við eða þær leiðréttaðar. Rósa Þorsteinsdóttir hafði umsjón með útgáfunni sem Smekkleysa SM ehf. gefur út ásamt stofnuninni.

Geisladiskurinn *Heyrði ég í hamrinum* var gefinn út í samvinnu stofnunarinnar og Snjáfjallaseturs. Þar heyrast raddir sjö kvenna af Snæfjallaströnd sem kveða og segja huldufólksögur. Upptökurnar voru gerðar af Hallfreði Erni Eirikssyni og hjónunum Helgu Jóhannsdóttur og Jóni Samsonarsyni á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Ólafur J. Engilbertsson og Rósa Þorsteinsdóttir sáu um útgáfuna.

Gripla XX kom út á árinu. Greinar í þessu hefti eru allar á ensku og byggðar á fyrirlestrum sem fluttir voru á ráðstefnunni Nordic Civilisation in the Medieval World sem haldin var í Skálholti 5.–9. september 2007. Sérstakur ritstjóri heftisins var Vésteinn Ólason.



Gestir á rannsóknarbókasafni stofnunarinnar

Orð og tunga 11 kom út á árinu. Í þemahluta heftisins eru sex greinar sem byggðar eru á erindum frá málþinginu Arfur og endurnýjun: Hvað býr í íslenskum orðaforða? sem haldið var í Reykholti 1. desember 2007 í samvinnu við Snorrastofu. Enn fremur eru í heftinu tvær greinar til viðbótar um orð og orðanotkun auk ritdóma og bókaþrengna. Ritstjóri tímaritsins er Guðrún Kvaran og í ritnefnd með henni sitja Ari Páll Kristinsson, Ásta Svavarsdóttir, Jón Hilmar Jónsson, Svavar Sigmundsson og Veturlíði Óskarsson.

Rannsóknarverkefni

Á Stofnun Árna Magnússonar eru unnar fjölbreyttar rannsóknir á sviði handrita- og textafræði, bókmennta, sögu, málfræði, orðfræði, nafnfræði og málræktar, iðulega á grunni þeirra verðmætu rannsóknargagna sem stofnunin varðveitir. Hér verða nefnd nokkur rannsóknarverkefni sem eru vel á veg komin.

ENRICH – European Networking Resources and Information concerning Cultural Heritage

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, ásamt Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og Den Arnamagnæanske Samling í Kaupmannahöfn, hefur undanfarin tvö ár tekið þátt í evrópsku samvinnuverkefni sem bar yfirskriftina ENRICH, *European Networking Resources and Information concerning Cultural Heritage*, á íslensku: Evrópskar net- og upplýsingaveitur um menningararfleifð. Tilgangur verkefnisins var að veita aðgang að stafrænum myndum og lýsingum á handritum í evrópskum handrita-, skjala- og minjasöfnum gegnum eina sameiginlega vefgátt, www.beta.manuscriptorium.com/. Verkefnið hófst 1. desember 2007 og því lauk 30. nóvember 2009. Þátttakendur í ENRICH-samstarfsverkefninu voru 18 evrópskar stofnanir og fyrirtæki og að auki gerðust fleiri stofnanir, sem margar hafa yfir að ráða mikilvægum gagnasöfnum, aukaaðilar að verkefninu og opnuðu aðgang að gögnum sínum. Verkefnið var styrkt af eContent Plus-áætlun Evrópusambandsins.

Árnastofnanirnar tvær og Landsbókasafn gerðu með sér samstarfssamning sumarið 2008 um að koma upp sameiginlegum gagnagrunni þar sem hægt verður að nálgast upplýsingar um handrit í vörslu þeirra og myndir af þeim. Gagnagrunnurinn mun auk þess miðla þeim upplýsingum til vefsíðunnar Manuscriptorium. Vefsíðan er: www.handrit.org.

DNA-rannsókn á íslensku bókfelli. Verkefni styrkt af Rannsóknarsjóði

Þetta er fyrsta rannsókn sem gerð hefur verið á erfðaeefni (DNA) í íslenskum skinnhandritum. Megintilgangurinn er að ákvarða þær dýrategundir sem hafðar voru til bókfellsgerðar á Íslandi og leggja þar með traustan grunn að þekkingu á uppruna íslensks bókfells sem varpað gæti frekara ljósi á stöðu Íslendinga á sviði handritagerðar, bókmenningar og verslunar með handrit og bókfell á miðöldum. Undirbúningur verkefnisins hófst árið 2006 og fyrstu sýni voru tekin 2007. Vinnan árið 2008 fólst aðallega í þróun sýnatökuaðferða og PCR-tækni. Árið 2009 voru fjölmörg sýni greind. Bjarni Páll Ingason lífefnafræðingur lagði undirstöðu að verkefninu ásamt dr. Marteini H. Sigurðssyni. Samstarfsaðilar eru Íslensk erfðagreining og Háskóli Íslands.

Heildarútgáfa á verkum Hallgríms Péturssonar

Vinnu við fjórða bindi Ljóðmæla Hallgríms Péturssonar lauk í árslok og kemur það út á árinu 2010. Í því eru 39 vísur og kvæði, meðal annars morgun- og kvöldsalmar, barnalærdómur, borðsalmar og veðurvísur. Um útgáfuna sáu Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir. Kristján Eiríksson vinnur að fimmta og síðasta bindi Ljóðmæla en í því verða einkum lausavísur. Unnið hefur verið jöfnum höndum að því að bæta og auka gagnagrunn verkefnisins sem er aðgengilegur á vefsíðu stofnunarinnar.

Bragi – óðfræðivefur

Bragi er fágætur gagnagrunnur og rannsóknartæki um kveðskap. Einingar óðfræðivefsins Braga eru: bragarhættir, höfundar, ljóð, lausavísur, lög, ljóðasafn og handbók. Stefnt er að því að háttgreina megnið af hefðbundnum kveðskap íslenskum frá upphafi til okkar daga. Um fimmtíu lög með nótum eru í Braga og eru flest þeirra úr Sálmaabók Guðbrands Þorlákssonar frá 1589. Þessi eining er yngst. Á árinu 2009 hefur mest verið unnið í ljóðasafni, aukið í það 240 ljóðum og það

bætt á ýmsan hátt. Kristján Eiríksson hefur umsjón með Braga og allri vinnu við hann en um forritun alla og vefviðmót sér Bragi Valdimar Skúlason.

Konungsbók Eddukvæða – rafræn útgáfa.

Verkefni styrkt af Rannsóknarsjóði

Rafrænni útgáfu á Konungsbók eddukvæða verður lokið á árinu 2010. Á árinu 2009 var lokið við frágang við xml-merkingu texta, yfirllestur lemmaðs orðstöðulykils og ritun skriftarlýsingar. Enn fremur hefur verið gengið frá notendaviðmóti á disk. Vésteinn Ólason, Haraldur Bernharðsson og Guðvarður Már Gunnlaugsson hafa umsjón með útgáfunni en auk þess ritar Drífa Kristín Prastardóttir um gerð handritsins.

ISLEX – Íslensk-norræn veforðabók

ISLEX er íslensk-norræn veforðabók sem unnið er að á stofnuninni í samvinnu við rannsóknar- og orðabókastofnanir á Norðurlöndunum. Verkið á að endurspegla íslenska málnotkun samtímans og í því verða um 50.000 íslensk uppflettorð með þýðingum á sænsku, norsku (bókmal og nýnorsku) og dönsku. Við ritstjórnina er notaður gagnagrunnur sem er hannaður sérstaklega fyrir verkefnið. Hann er veftengdur og fer ritstjórnarvinnan fram samhliða í öllum löndunum. Samstarfsaðilar stofnunarinnar við gerð ISLEX eru Háskólinn í Gautaborg, Háskólinn í Bergen og Det Danske Sprog- og Litteraturselskab (DSL) í Kaupmannahöfn. Starfandi er sérstök samráðsnefnd allra aðildarstofnana og eru Guðrún Kvaran og Jón Hilmar Jónsson fulltrúar Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í þeirri nefnd. Vinna við ISLEX gekk samkvæmt áætlun á árinu 2009 og í lok desember var búið að fullvinna 40.200 flettur. Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir hafa umsjón með útgáfunni sem verður lokið á árinu 2011.

Íslenskt orðanet. Verkefni styrkt af Rannsóknarsjóði

Íslenskt orðanet er orðabókargleg lýsing á íslenskum orðaforða þar sem margvísleg vensl orða og orðasambanda eru í brennidepli. Meginviðfangsefnið er að greina og rekja merkingarleg vensl út frá formlegum og setningarlegum venslum sem fram koma í textadæmum og öðrum heimildum um orðanotkun. Efniviðurinn er að stofni til sóttur til Stóru orðabókarinnar um íslenska málnotkun og til gagnasafna sem á sínum tíma urðu til á Orðabók Háskólans, annars vegar skrár um orðasambönd í ritmálssafninu, hins vegar samheitaefnis í yfirlitsskrá um

talmálssafnið. Á þessum tíma hefur byggst upp safn með u.þ.b. 45.000 samheitaflögum ásamt fleiri tegundum merkingarvensla. Afrakstur greiningarinnar kemur fram á vefsíðunni www.ordanet.is en þar er jafnframt gerð almenn grein fyrir orðanetinu. Umsjón með orðanetinu hafa Jón Hilmar Jónsson og Þórdís Úlfarsdóttir.

Mörkuð íslensk málheild

Verkefnið miðar að því að koma upp safni valinna samtíma-texta í rafrænu formi. Textarnir eru greindir á margvíslegan hátt með tilliti til málfræðilegra eiginleika þannig að hverri orðmynd mun fylgja greiningarstrengur (mark) sem sýnir orðflokk og fleiri málfræðileg atriði ásamt nefnimynd sem tengir hana við viðeigandi uppflettiorð. Textaöflun er nú formlega lokið. Í árslok 2009 voru í málheildinni tæplega 26 milljónir orða. Unnið er að frágangi og umbúnaði textanna þannig að safnið er enn ekki aðgengilegt almennum notendum. Sigrún Helgadóttir hefur umsjón með verkefninu.

Icelandic Online

Icelandic Online I og II er kennsluefni á Netinu sem unnið var í samstarfi íslenskuskorar hugvísindadeildar Háskóla Íslands, Hugvísindastofnunar og Stofnunar Sigurðar Nordals. Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands bauð upp á fjarnámskeið í sambandi við Icelandic Online á vormisseri og haustmisseri 2009. Nú er unnið að undirbúningi Icelandic Online III með styrk úr Nordplus Sprog-áætluninni. Í lok 2009 voru að jafnaði 600 heimsóknir hvern dag á vef Icelandic Online. Notendurnir eru víða í heiminum. Slóðin er: www.icelandic.hi.is. Úlfar Bragason hefur umsjón með útgáfunni.

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN) er safn beygingardæma á tölvutæku formi sem er grunnur að ýmiss konar máltækni- og beygingarverkefnum en jafnframt er efnið birt á vefsetri stofnunarinnar og gagnast þar með almennum notendum. Vinna við BÍN hófst árið 2002 hjá Orðabók Háskólans sem hluti af máltækniáttakerfni menntamálaráðuneytisins. Í safninu eru nú ríflega 270 þúsund beygingardæmi en beygingarmyndir eru hátt í 6 milljónir. Ritstjóri BÍN er Kristín Bjarnadóttir.

Handbók um málnotkun

Handbók um málnotkun er ætluð þeim sem vinna við ritun eða yfirlestur texta, hvort heldur er í stofnunum eða fyrirtækjum, fjölmiðlum eða skólum. Í bókinni er fjallað um réttitun, gott mál, nöfn, meðferð heimilda og tilvísana, fornafnabeygingu, forsetninganotkun, vandbeygðar sagnir, iðorð, tökuorð, málstefnu o.m.fl. Handrit er um 340 bls. með öllum fylgiköflum (heimildaskrá, atriðisorðaskrá o.s.frv.) og 68 kaflar. Jóhannes B. Sigtryggsson er ritstjóri handbókarinnar. Stefnt er að því að gefa handbókina út fyrri hluta árs 2010.

Munnleg hefð – Skráning og útgáfa þjóðfræðiefnis úr Austur-Skaftafellssýslu

Samvinnuverkefni þjóðfræðisviðs, Háskólaseturs á Hornafirði og Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Þjóðfræðisvið átti frumkvæði að því að hrinda af stað uppskriftarverkefni á hljóðrituðu efni úr Austur-Skaftafellssýslu árið 2007 og hefur séð um að leiðbeina fólki við skráningu og söfnun nýs efnis. Markmið verkefnisins var að vinna úr þeim heimildum sem þegar eru til í samvinnu við heimamenn. Í ráði er að ljúka verkefninu formlega með því að gefa út einn geisladisk sem yrði eins konar lifandi leiðsögn í gegnum sýsluna. Gísli Sigurðsson og Rósa Þorsteinsdóttir hafa umsjón með verkefninu.



Fyrirspurnum svarað

SAMSTARF INNANLANDS

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum leggur ríka áherslu á gott samstarf við almenning, stofnanir og fyrirtæki innanlands. Starfsmenn eru í virku samstarfi við almenning, heimildarmenn og stofnanir um allt land.

Samstarf við stofnanir og fólk um allt land

Söfnun örnefna, þjóðfræða og orðasafna byggist á góðu samstarfi við heimildarmenn víðs vegar um landið og á stofnunin marga vildarvini sem efla söfn stofnunarinnar með þekkingu sinni. Stofnunin er einnig í góðu samstarfi við ýmsar stofnanir og fræðasetur á landsbyggðinni og á fulltrúa í stjórn sumra þeirra. Nefna má sem dæmi Snorrastofu, Miðstöð munnlegrar sögu, Þórbergssetur, Sarp og Skríðuklaustur. Hér verða nefnd nokkur dæmi um samstarfsverkefni stofnunarinnar.

Íslensk málnefnd og Örnefnanefnd

Tvær stjórnsýslunefndir hafa aðstöðu á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Íslensk málnefnd og Örnefnanefnd. Stofnunin er skrifstofa nefndanna, sér þeim fyrir fundaraðstöðu og fundarritara, veitir þeim almenna skrifstofuþjónustu og aðstoð við alþjóðleg samskipti.

Íslensk málnefnd starfar samkvæmt 9. gr. laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 40/2006. Málnefndin stóð að árlegu málræktarþingi 14. nóvember 2009 og var efni þingsins að þessu sinni íslenska í leik-, grunn- og framhaldsskólum og íslenskumenntun kennaranema. Í tengslum við þingið og dag íslenskrar tungu birti málnefndin ályktun um stöðu tungunnar en það ber henni að gera lögum samkvæmt árlega. Ályktunin er birt á heimasíðu málnefndarinnar (www.islenskan.is) en þar má einnig lesa stefnuskrá nefndarinnar fyrir árin 2006–2010, nálgast Íslensku til alls og annað efni sem málnefndin telur áhugavert.

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í samræmi við reglugerð nr. 136 um störf Örnefnaneftdar, frá 22. febrúar 1999. Svavar Sigmundsson, fyrrverandi stofustjóri nafnfræðisviðs, er varaformaður Örnefnaneftdar og ritari.

Samstarf við Háskóla Íslands

Stofnunin er í nánú samstarfi við Háskóla Íslands og er samstarfssamningur í gildi milli stofnananna. Starfsmenn kenna námskeið við skólann, og háskólakennarar og stúdentar nota rannsóknarboðkasafn stofnunarinnar, auk þess sem nemendum í framhaldsnámi er veitt þar vinnuaðstaða. Forstöðumaður Árnastofnunar er jafnframt prófessor við hugvísindasvið Háskóla Íslands.

Samstarf við Landmælingar Íslands og Loftmyndir

Á árinu 2008 hófust viðræður um samstarf nafnfræðisviðs Árnastofnunar við Landmælingar Íslands og Loftmyndir ehf. um að koma á fót gagnagrunni um loftmyndir fyrir Ísland þar sem hægt væri að færa inn örnefni. Kerfið er veflægt, þ.e. hægt verður að merkja og hnissetja örnefni inn á loftmyndir á veraldarvefnum. Loftmyndagrunnurinn er vistaður hjá Loftmyndum ehf. og hafa samstarfsaðilarnir aðgang að honum gegnum vefsíðu. Þar geta þeir merkt örnefni inn á loftmyndir og skilgreint ýmsa þætti þeirra og eiginleika, t.d. tegund örnefnis, heimild, flokkun (skv. staðli um landupplýsingar (LU))

o.fl. Á síðari stigum þessa verks er gert ráð fyrir að almenningur hafi aðgang að þessum upplýsingum og geti jafnvel í sumum tilfellum gert viðbætur við það sem fyrir er eða athugasemdir við örnefni. Í kerfinu eru nú yfir 20.000 örnefni sem koma úr gagnagrunni Landmælinga Íslands, ÍS 50V.

Samstarf við ja.is

Á árinu var gerður samningur við Já Upplýsingaveitur ehf. um samstarf við vinnu og nýtingu á gögnum úr Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls. Í samningnum felst m.a. að Já styrkir verkefnið þannig að gögnin verði öllum aðgengileg til máltækninota. Sækja má gögnin á vefsíðu stofnunarinnar og þar eru skilmálar um notkun. Aðgangur að gögnunum á þessu formi var opnaður í nóvember 2009 og um áramót höfðu þau verið sótt 85 sinnum. Jafnframt var efnt til samkeppni um hugvittsamlega notkun á gögnunum þar sem vegleg verðlaun voru í boði. Skilafrestur í samkeppninni var til 10. febrúar 2010. Sett var upp sérstök vefsíða vegna keppinnar, www.ordid.is. Aðgangur að beygingarlýsinguinni fór mjög vaxandi á árinu 2009 og náði hæst í þriðju viku nóvember, 7.145 heimsóknir eða yfir þúsund á dag.

	<i>Flettingar</i>	<i>Heimsóknir</i>	<i>Notendur</i>
<i>2008</i>	<i>830.402</i>	<i>106.391</i>	<i>24.134</i>
<i>2009</i>	<i>1.333.265</i>	<i>226.933</i>	<i>48.068</i>

Á árinu 2009 voru heimsóknirnar frá 93 löndum í öllum heimsálfum. Fyrirspurnir í tölvupósti skiptu hundruðum og er efni úr svörum við þeim birt í athugasemdum við beygingardæmin, eftir því sem ástæða er til.



Mjólkursamsalan

Stofnunin naut góðs af samvinnu við Mjólkursamsöluna, m.a. við undirbúning og framkvæmd málræktarþings Íslenskrar málneftdar 14. nóvember.

Smekkleysa

Þjóðfræðisvið hefur verið í nánú samstarfi við útgáfufyrirtækið Smekkleysu við útgáfu geisladiska á árinu.

MIÐLUN OG KENNSLA



Stofnunin rættar þjónustuhlutverk sitt við íslenskan almenning, hvað varðar íslenska tungu og málrækt, örnefni og íslenskan menningararf, handritamenningu og þjóðfræði. Starfsmenn stofnunarinnar veita almenningi þjónustu eða ráðgjöf með ýmsum hætti, svara fyrirspurnum sem berast símleiðis, í tölvupósti eða um heimasíðu, og halda fyrirlestra og sjá um námskeið heima og erlendis.

Gagnvirk heimasíða

Á heimasíðu stofnunarinnar er að finna almennar upplýsingar um stofnunina á íslensku (www.arnastofnun.is), ensku (www.arnastofnun.is/english) og dönsku (www.arnastofnun.is/skandinavisk). Af heimasíðunni er auk þess opinn aðgangur að fjölmörgum gagnasöfnum stofnunarinnar.

Hægt er að senda inn fyrirspurnir rafrænt sem starfsmenn stofnunarinnar svara hratt og örugglega. Á árinu var tekið upp formlegt samstarf við Vísindavefinn um að birta svörin. Benda má á að á heimasíðunni er í hverri viku fjallað um nýtt orð, Orð vikunnar, og á sama hátt má finna nýtt örnefni, *Örnefni mánaðarins*, í upphafi hvers mánaðar. Fletta má upp í eldri færslum á vefnum.

Málfarsbankinn

Svarað var u.þ.b. 1.500 fyrirspurnum um málfar árið 2009, ýmist í síma eða tölvupósti. Málræktarsvið heldur einnig úti svonefndum málfarsbanka á vef stofnunarinnar og fleiri vefsíðum með leiðbeiningum og ráðleggingum, m.a. um stafsetningu og beygingu orða, ýmis orðasambönd, ritreglur, landa- og íbúaheiti og margt annað.

Sýning í Þjóðmenningarhúsi

Sýning á handritum er mikilvægur miðlunarvettvangur um íslenska bókmenningu. Handrit frá stofnuninni voru höfð til sýnis í Þjóðmenningarhúsinu eins og undanfarin ár. Gestir sem sóttu sýningar hússins voru 22.695 á árinu 2009 og munu flestir þeirra hafa skoðað handritasýninguna. Safnkennari stofnunarinnar, Svanhildur Gunnarsdóttir, tók á móti stórum höpum nemenda á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, og

einnig allmörgum hópum danskra og norskra menntaskólana. Handritin voru tekin af sýningu í september þegar í ljós kom að þörf væri orðin á viðhaldi skápanna og endurnýjun ýmiss búnaðar í þeim.

Örnefni um landið

Á haustdögum efndi stofnunin til funda um örnefni og örnefnasöfnun í samstarfi við menningarráðin á landsbyggðinni. Svavar Sigmundsson, stofustjóri nafnfræðisviðs, sótti fund á Blönduósi 22. september, í Þingeyjarsýslu 23. september, á Vopnafirði 24. september og í Snorrastofu í Reykholti og í Ólafsvík 30. september.

Dagur íslenskrar tungu

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tók að sér verkefni að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytis í tengslum við dag íslenskrar tungu. Að því unnu Ari Páll Kristinsson af málræktarsviði og Kári Kaaber og Rósa Sveinsdóttir af stjórnsýslusviði. Efnt var til hátíðarsamkomu í Ketilhúsinu á Akureyri 16. nóvember þar sem verðlaun Jónasar Hallgrímssonar voru afhent og tvær viðurkenningar í tilefni dagsins.

Kennsla við Háskóla Íslands

Starfsmenn kenna jafnan námskeið á fræðasviði sínu við Háskóla Íslands. Á síðasta ári kenndi Ágústa Þorbergsdóttir námskeið um iðoröðfræði, og tók auk þess þátt í að kenna norrænt fjarnám á vegum TERMDIST. Fjórir starfsmenn kenndu á námskeiðinu Máli og samfélagi á MA-stigi í íslensku. Ásta Svavarsdóttir tók þátt í að kenna námskeiðið Íslensk beygingar- og orðmyndunarfræði. Rósa Þorsteinsdóttir og Gísli Sigurðsson kenndu námskeið í þjóðfræði. Guðvarður Már Gunnlaugsson kenndi handritafræðinámskeið á MA-stigi í Medieval Icelandic Studies á vormisseri 2009 ásamt Jóhannesi B. Sigtryggssyni. Yelena Yerzhova kenndi námskeið í rússnesku.

Alþjóðlegur handritaskóli

Að venju stóð stofnunin, ásamt Den Arnarnagænske Samling í Kaupmannahöfn, fyrir sumarskóla í handritafræðum sem að þessu sinni fór fram í Reykjavík 18.–26. ágúst. Sumarskólinn er haldinn í samvinnu við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og háskólana í Tübingen, Zürich og Cambridge. Námskeiðið sóttu rúmlega 60 háskólanemar frá 17 löndum og lögðu þeir stund á handritalestur og textarýni og hlýddu á fyrirlestra.

Skólastjóri var Svanhildur Óskarsdóttir en aðrir fyrirlesarar úr hópi starfsfólks voru Bjarni Páll Ingason, Haraldur Bernharðsson, Jóhannes B. Sigtryggsson, Margrét Eggertsdóttir, Rósa Þorsteinsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir.

Nordkurs

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum annaðist norrænt sumarnámskeið í íslensku í Háskóla Íslands 8. júní–3. júlí. Þátttakendur voru 31, átta karlar og 23 konur. Átta komu frá Danmörku og Noregi, sjö frá Svíþjóð og Finnlandi og einn frá Færeyjum. Íslenskutímar voru 42 en tímar í íslenskum bókmenntum 24.

Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku

Dagana 6.–31. júlí gengust Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og hugvísindasvið Háskóla Íslands fyrir fjögurra vikna alþjóðlegu námskeiði í íslensku máli og menningu. Var það haldið í Háskóla Íslands. Þetta var í tuttugasta og þriðja skipti sem slíkt alþjóðlegt sumarnámskeið var haldið við háskólann. Þátttakendur voru 28, 14 karlar og 14 konur frá 12 löndum. Flestir þeirra komu frá Bandaríkjunum og Bretlandi.

Íslenskunámskeið fyrir stúdenta frá Norður–Ameríku

Stofnunin gekkst fyrir sex vikna námskeiði í íslensku fyrir stúdenta frá Norður–Ameríku í samvinnu við University of Minnesota, dagana 26. maí – 3. júlí. Þetta var í níunda skipti sem boðið var upp á slíkt námskeið á sumarmisseri Minnesotaháskóla. Fór fyrri hluti þess fram í Minneapolis en síðustu þrjár vikurnar í Reykjavík. Nemarnir voru 15 sumarið 2009, sex karlar og níu konur.

Snorraverkefnið

Stofnunin tók að sér að skipuleggja tveggja vikna námskeið í íslensku og um íslenska menningu fyrir norður–amerísk ungmenntu af íslenskum ættum sem dvöldust sumarið 2009 hér á landi á vegum svonefnds Snorraverkefnis. Námskeiðið fór fram í Háskóla Íslands dagana 15.–25. júní.



Háskólakennarar í íslensku erlendis á fundi í Uppsöllum

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Starfsmenn stofnunarinnar eru í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi. Akademískir starfsmenn eru í miklu rannsóknasamstarfi við erlenda fræðimenn og kennda á síðasta ári við ýmsa erlenda háskóla (eins og Berkeley og UCLA), en einnig eru þeir iðulega fulltrúar Íslands í alþjóðlegu samstarfi á vettvangi stofnunarinnar, svo sem í norrænu tungumálasamstarfi.

Alþjóðleg rannsóknarstofnun

Stofnunin er ein meginstofnana á sviði íslenskra fræða í heiminum og laðar því að sér erlenda fræðimenn sem stunda rannsóknir í íslenskum fræðum. Í gögnum hennar býr sérstaða stofnunarinnar á alþjóðlega visu; þar er geymdur einstakur efniviður til rannsókna. Bókasafnið hefur eflst mjög á undanförunum árum, og dregur það, ásamt gagnasöfnum stofnunarinnar að sér vísindamenn og stúdenta. Rannsóknasamfélag stofnunarinnar er því mjög alþjóðlegt. Á árinu 2009 nutu um sextíu erlendir gestir rannsóknaraðstöðu á Árnastofnun um lengri eða skemmri tíma, auk þess sem erlendir stúdentar nutu rannsóknaraðstöðu og leiðsagnar starfsmanna.

Alþjóðlegt tengslanet

Stofnunin heldur utan um upplýsingar um fræðimenn í íslenskum fræðum sem eru aðgengilegar í gagnabanka á heimasíðu stofnunarinnar. Þar eru skráðir um 700 fræðimenn í íslenskum fræðum víða í heiminum. Slóðin er: www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_al_fraedimannaskra. Einnig er þar að finna lista yfir þýðendur úr íslensku máli yfir á erlend mál. Listinn var endurskoðaður í sambandi við alþjóðlegt þýðendaþing í apríl 2009. Hann er aðgengilegur á heimasíðu stofnunarinnar. Slóðin er: http://www.arnastofnun.is/page/a_inter_publ_translators.

Íslenskukennsla erlendis

Stofnunin annast umsjón með kennslu í íslensku við erlenda háskóla samkvæmt samningi við mennta- og menningar- málaráðuneytið. Árið 2009 voru sextán íslenskukennarastólar við jafnmarga erlenda háskóla styrktir af íslenskum stjórnvöldum. Flestir kennararnir sinntu kennslunni í fullu starfi: fimm á Norðurlöndum, fjórir í Þýskalandi, einn á Ítalíu, tveir í Frakklandi, einn í Austurríki, einn í Bretlandi, einn í Kanada og einn í Kína. Sérstakir samningar gilda um framlög til íslenskukennslu við Rómaháskóla (La Sapienza), þar sem íslensk stjórnvöld greiða fyrir kennsluna, University College London og Humboldtháskóla í Berlín, en í báðum þessum skólum greiða íslensk stjórnvöld hálf laun íslenskukennara, og Manitobaháskóla í Winnipeg en árlegt launaframlag til kennslunnar þar nemur einni milljón króna. Annars staðar byggjast framlög á bréfflegu vilyrði stjórnvalda menntamála og eru einkum ætluð til að auðvelda kennurunum að hafa samband við heimalandið. Allir kennarastólarnir fá nokkurn bókastyrk árlega. Einnig nýtur bókasafnið við Manitobaháskóla 300 þúsund kr. styrks á hverju ári. Stundakennsla í íslensku við Cambridgeháskóla var styrkt með fjórframlagi á skólaárinu 2008–2009. Einnig var stundakennsla í íslenskum fræðum við Wasedaháskóla styrkt en þar lendir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Fyrir utan þá skóla þar sem íslensk stjórnvöld styðja íslenskukennslu er íslenskt nútímamál kennt við nokkra erlenda háskóla af þarlandum kennurum eða Íslendingum í stundakennslu. Meðal þessara skóla eru háskólarnir í Greifswald, Göttingen, Bonn, Köln, Frankfurt, Tübingen og Freiburg í Þýskalandi, Basel og Zürich í Sviss, Moskvu í Rússlandi, Vilnius í Litháen, Poznan og Varsjá í Póllandi, Sofíu í Búlgaríu, Brigham Young-háskóli og Wisconsinháskóli í Madison í Bandaríkjunum og Tokaiháskóli í Japan.

Upplýsingar um háskóla sem kenna íslensku erlendis, bæði fornmálið og nútímamál, eru aðgengilegar á heimasíðunni. Í gagnabankann eru skráðir um 100 skólar sem kenna íslensku, forna og nýja, í 24 löndum. Slóðin er: www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_al_gagnasafn_skolaskra.

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis er samstarfsvettvangur stofnana á Norðurlöndum sem annast sendikennslu í tungumálum Norðurlanda erlendis. Nefndin starfar á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn og fær fjárveitingu þaðan. Stofnunin á aðild að nefndinni og hefur annast skrifstofuhald hennar síðan á árinu 2005 samkvæmt samningi þar að lútandi. Úlfar Bragason hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni síðan 1992 og var formaður hennar árið 2009. Nú er Þóra Björk Hjartardóttir dósent varamaður hans.

Snorrastyrkir

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sér um úthlutun Snorrastyrkja. Á árinu 2009 nutu þriggja mánaða styrkja hvort: Dr. Emily Lethbridge, fræðimaður í Cambridge, Bretlandi, til að fást við varðveislu fjögurra fornsagna sem handritið AM 556a 4to, svokölluð Eggertsbók, hefur að geyma, og dr. Leszek Pawel Slupecki, prófessor, Rzeszowháskóla, Póllandi, til að þýða Snorra-Eddu á pólsku, skrifa inngang að þýðingunni og skýringar við hana. Styrkirnir fyrir árið 2010 voru auglýstir lausir til umsóknar í júlí 2009. Umsóknarfrestur var til 1. nóvember. Bárust 55 umsóknir áður en umsóknarfresti lauk frá 24 löndum. Þau sem hljóta styrki 2010 eru: Claudia Di Sciacca, dósent í þýskri textafræði við háskólann í Udine á Ítalíu, til að vinna að rannsóknum á íslensku þýðingunni á Elucidarius eftir Honarius Augustodunensis, Imreh András, rithöfundur og þýðandi í Búdapest, til að kynna sér íslenska ljóðlist og þýða á ungversku, og Marcel Otten, þýðandi, Mountcharles Co. Donegal á Írlandi, til að þýða Gerplu á hollensku.

VIÐBURÐIR 2009



Hugað að minningarriti um Ásgeir Blöndal Magnússon



Unnið við Beygingarlýsingu Íslensks nútímamáls



Heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra á stofnunina

Janúar

Hönnun hafin við hús íslenskra fræða sem mun hýsa stofnunina og íslenskuskor Háskóla Íslands.

Úrslit ráðast í Nýyrðakeppni í 5.–7. bekk grunnskóla sem hleypt var af stokkunum á degi íslenskrar tungu. Veitt voru fyrstu verðlaun fyrir tillögu um orðið *skjóla* fyrir *buff*.

Febrúar

Menntamálaráðherra skipar Guðrúnu Nordal forstöðumann stofnunarinnar, Vésteinn Ólason lætur af störfum um mánaðamótin.

Mars

Alþingi samþykkir 12. mars tillögur Íslenskrar málnefndar, „Íslensku til alls“ sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu. Þar er aðalmarkmiðið að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum samfélagsins.

Apríl

Alþjóðlegt þýðendabing er haldið 23.–26. apríl. Þingið er samstarfsverkefni Sagenhaftes Island, Bókmenntasjóðs, Rithöfundasambandsins, Félags íslenskra bókaútgefenda, Háskólaseturs HÍ á Höfn, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Tilgangurinn er að styrkja þýðendur í þeirra störfum, tengja þá innbyrðis og hvetja til dáða, ekki síst í ljósi þess að Ísland verður heiðursgestur bókasýningarinnar í Frankfurt 2011.

Mái

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis stendur fyrir ráðstefnu í Gautaborg 14.–16. maí. Háskólakennurum í Norðurlandamálum erlendis er boðin þátttaka. Stofnunin á aðild að nefndinni og annast skrifstofuhald fyrir hana.

Sex vikna íslenskunámskeið fyrir bandaríska stúdenta sem stofnunin og Minnesotaháskóli standa fyrir hefst í Minnesota 24. maí. Seinni hluti námsins fer fram á Íslandi.

Júní

Um 30 stúdentar frá Norðurlöndum sækja sex vikna námskeið í íslensku máli og menningu sem stofnunin annast.

Stofnunin annast tveggja vikna íslenskunámskeið fyrir ungmenntu frá Kanada og Ameríku af íslensku bergi sem taka þátt í svokölluðu Snorraverkefni og dveljast hér á landi um sex vikna skeið við nám og störf.

Júlí

Fjögurra vikna alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku hefst 6. júlí. Stofnunin efnir til námskeiðsins í samvinnu við Hugvísindasvið HÍ. Um 30 erlendir stúdentar sækja námskeiðið.

Handritasafn Árna Magnússonar sett á sérstaka varðveisluskrá UNESCO, Minni heimsins (Memory of the World).



Skólakór Kársness skemmti gestum á málræktarþingi

Námfúsir nemendur í handritaskólanum

Ágúst

Um 60 manns taka þátt í handritaskóla stofnunarinnar og Árnastofnunar í Danmörku í samstarfi við Landsbókasafn - Háskólabókasafn. Námskeiðið er í Reykjavík en er haldið annað hvert ár í Kaupmannahöfn.

September

Á fæðingardegi dr. Sigurðar Nordals 14. september flytur Þórarinn Eldjárn rithöfundur fyrirlestur í boði stofnunarinnar sem hann nefnir: „Það kalla ég íslensku.“

Kvæðamannafélagið löunn afhendir stofnuninni handrit sín til varðveislu. Elstu handritin eru skrifuð snemma á 19. öld en þau yngstu um aldamótin 1900.

Örnefni um landið. Fræðslufundur haldnir í samstarfi við menningarfulltrúa á landsbyggðinni.

Október

Lára Magnúsdóttir tekur við af Ragnhildi Helgadóttur sem formaður stjórnar stofnunarinnar.

Stofnunin tekur þátt í undirbúningi fyrir ráðstefnuna Fra Kalveskinn til "Tölva" sem mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur fyrir í Reykholti. Ráðstefnan fjallar um norræna málstefnu, lítil tungumálasvæði á Norðurlöndum, samskipti fólks milli málasvæða, þýðingar og táknmál.

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra heimsækir stofnunina ásamt fylgdarliði 15. október.

Nóvember

Málþing um orð og orðsifjar undir yfirskriftinni Orð af orði er haldið 7. nóvember. Þingið er helgað minningu Ásgeirs Blöndals Magnússonar. Ásgeir er höfundur íslenskrar orðsifjabókar og starfaði um áratugaskeið á Orðabók Háskólans, síðast sem forstöðumaður hennar.

Málræktarþing Íslenskrar málnefndar er haldið í samvinnu við Mjólkursamsöluna 14. nóvember. Aðalefnið að þessu sinni er „Íslenska í skólum“. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra flytur ávarp og fulltrúar allra skólastiga halda erindi.

Dagur íslenskrar tungu haldinn hátíðlegur 16. nóvember. Stofnunin tekur að sér verkefni að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytis í tengslum við daginn.

Stofnunin og ja.is efna til samkeppni um hugvittsamlega notkun á tölvutækum gögnum úr safni stofnunarinnar: Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls.

Desember

Málþingið Íðorð og ný málstefna: Sóknarfæri í orðaforða sérgreina haldið 4. desember.

REKSTRARREIKNINGUR 2009

	2009	2008
Tekjur		
Framlög og styrkir	62.049.433	70.534.268
Aðrar tekjur	13.631.136	19.666.268
	75.680.569	90.200.536
 Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	265.779.246	272.622.311
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	15.551.273	16.015.112
Funda- og ferðakostnaður	15.975.637	20.497.578
Aðkeypt sérfræðipjónusta	9.274.958	11.380.222
Annar rekstrarkostnaður	5.580.966	4.969.184
Húsnæðiskostnaður	6.728.745	9.815.696
Tilfærslur	37.533.826	40.128.520
Birgðabreytingar	2.190.748	185.400
	358.615.399	375.614.023
Eignakaup	1.052.525	2.969.077
	359.667.924	378.583.100
 Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur	(283.987.355)	(288.382.564)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	917.391	4.392.642
 Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	(283.069.964)	(283.989.922)
Ríkisframlag	290.197.000	273.113.000
 Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	7.127.036	(10.876.922)

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2009

	2009	2008
Eignir		
Áhættufjármunir		
Verðbréf	59.213.155	56.812.300
	59.213.155	56.812.300
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	4.969.021	7.159.769
Viðskiptakröfur	6.027.522	5.994.867
Handbært fé	34.830.490	25.394.700
	45.827.033	38.549.336
Eignir alls	105.040.188	95.361.636
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
<i>Höfuðstóll:</i>		
Höfuðstóll í ársbyrjun	(16.821.755)	(5.944.833)
Lokafjárlög 2008	16.821.755	0
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	7.127.036	(10.876.922)
	Höfuðstóll	7.127.036 (16,821.755)
<i>Annað eigið fé:</i>		
Bundið eigið fé	4.070.788	4.070.788
	Annað eigið fé	4.070.788
	Eigið fé	11.197.824 (12.750.967)
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	17.113.625	32.150.918
Viðskiptaskuldir	17.515.584	19.149.385
Vörslureikningar	59.213.155	56.812.300
	Skuldir	93.842.364
	105.040.188	95.361.636

SJÓÐSTREYMI 2009

	2009	2008
Rekstrarhreyfingar		
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	7.127.036	(10.876.922)
<i>Veltufé frá rekstri</i>	7.127.036	(10.876.922)
 <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>		
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)	(242.761)	9.438.939
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun	767.054	1.939.582
	524.293	11.378.521
Handbært fé frá rekstri	7.651.329	501.599

Fjármögnunarhreyfingar

<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>		
Framlag ríkissjóðs	(290.197.000)	(273.113.000)
Greitt úr ríkissjóði	291.981.462	285.277.487
Fjármögnunarhreyfingar	1.784.462	12.164.487
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	9.435.790	12.666.086
Handbært fé í ársbyrjun	25.394.700	12.728.614
Handbært fé í lok ársins	34.830.490	25.394.700